


HJARTAVERND



26. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1989




RANNSÓKNIR ERU GRUNDVÖLLUR FORVARNA

Skráning kransæðastíflu – Varnir gegn æðakölkun – Endurhæfing hjartasjúkra



...kjörin leið til sparnaðar er Kjörbók Landsbankans



Betri, einfaldari og öruggari leið til ávöxtunar sparifjár er vandfundin. Háir grunnvextir og verðtryggingarákvæði tryggja góða ávöxtun. Að auki koma afturvirkar vaxtahækkanir eftir 16 og 24 mánuði. Samt er innstæða Kjörbókar alltaf laus.

**Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna

HJARTAVERND



26. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1989

Útgefandi:

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi.

Ritstjórn:

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júlíusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

Afgreiðsla blaðsins:

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð – Sími 83755

Setning, umbrot, filmuvinnna og prentun:

Svansprent hf.

Kápa: Auglýsingastofan hf. Gísli B. Björnsson, Lágmúla 5.

EFNI:

Nýskipan í stjórnarháttun	1
Skráning bráðrar kransæðastíflu	3
Inga Ingibjörg Guðmundsd.	3
Æðakölkun og varnir gegn henni	6
Uggi Agnarsson	6
Árskýrlsa Rannsóknarstöðvar	9
Nikulás Sigfússon	9
Fréttir og pistlar	2,8,13,14,15

Nýskipan í stjórnarháttum og framkvæmdatilhögun Hjartaverndar

Á síðastliðnu ári fóru fram í framkvæmdastjórn Hjartaverndar miklar umræður um skipulagsmál, stjórnarhætti og framkvæmdatilhögun á málefnum samtaka og rannsóknarstöðvar. Segja má að upphaf þessara umræðna hafi verið tillaga formanns um breytta skipan úrvinnslustjórnar sem nú heitir rannsóknarstjórn. Lagði formaður til að í rannsóknarstjórn skyldu vera 5 menn í stað 3 áður. Þessi tillaga var rædd á nokkrum fundum og síðan samþykkt. Í rannsóknarstjórnina voru kosnar þessir 5 læknar: Davíð Davíðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Gunnar Sigurðsson, Nikulás Sigfússon og Uggi Agnarsson. Formaður er Guðmundur Þorgeirsson.

Í umræðum um rannsóknarstjórnina kom til tals að ef til vill væri tímabært og æskilegt að kjósa sérstakt vísindaráð sem yrði rannsóknarstjórn og framkvæmdastjórn til halds og trausts, setti fram hugmyndir og legði til hvernig haga skyldi rannsóknum og vinnu úr þeim. Það var Guðmundur Þorgeirsson sem fyrst impræði á þessu á einum fundinum en formaður tók fljótegla undir þetta og lagði til að Guðmundi yrði falið að koma fram með ákvæðnar ábendingar í þessum efnum. Var það samþykkt.

Guðmundur lagði á næsta fundi fram eins konar skipurit um stjórnarhætti og framkvæmdatilhögun en lagði þó áherslu á að hér væri aðeins um ábendingar að ræða, alls ekki fastmótaðar tilögur. Skipurit Guðmundar er þannig uppyggjt að efst er að sjálfsgöðu 15 manna aðalstjórn Hjartaverndar (og 5 til vara), þá 5 manna framkvæmdastjórn, ásamt tveimur varamönnum. Þá koma 5 nefndir eða stjórnir, kosnar af framkvæmdastjórn, ein

sem áður var, þ.e. rannsóknarstjórn, en fjórar nýjar. Þær eru vísindaráð, stjórn rannsóknar- og leitarstöðvar, stjórn rannsóknarstofu, stjórn upplýsinga- og útgáfu.

Í tillögum Guðmundar og umræðum um þær kom rekilega fram að rannsóknarstjórn væri þýðingarmest af undirnefndum framkvæmdastjórnar. Þar færir fram það starf sem mestu ætti að skila í rannsóknar- og fræðslumálefnum. Því væri eðlilegt og sjálf sagt að í hinum 4 nefndunum ætti einn fulltrúi úr rannsóknarstjórn sæti. Þetta var samþykkt.

Á fundum framkvæmdastjórnar í febrúar síðastliðnum var samþykkt að kjósa þessar nefndir til þriggja ára og jafnframt var kosið í þær.

Vísindaráð skipa þessir menn: Þórður Harðarson prófessor, formaður, Atli Dagbjartsson læknir, Árni Kristinsson yfirlæknir, Gestur Þorgeirsson læknir, Guðmundur Þorgeirsson yfirlæknir, Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri, Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason háskólastecktor, Vilhjálmur Rafnsson yfirlæknir og Pórólfur Pórlindsson félagsfræðingur.

Stjórn rannsóknar- og leitarstöðvar skipa: Nikulás Sigfússon yfirlæknir, formaður, Hrafn Tulinius prófessor og Uggi Agnarsson læknir.

Stjórn rannsóknarstofu skipa: Davíð Davíðsson prófessor, formaður, Nikulás Sigfússon yfirlæknir og Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur.

Upplýsinga- og útgáfustjórn skipa: Stefán Júlíusson formaður, Ulli Agnarsson læknir og Þorsteinn Blöndal yfirlæknir.

Pegar Guðmundur Þorgeirsson lagði fram tillögur sínar fylgdi frá hans hendi þessi greinargerð um 3 nefndirnar:

Vísindaráð. Hlutverk þess er ráðgjöf til handa framkvæmdastjórn og rannsóknarstjórn Hjartaverndar. Sérstaklega er því ætlað að fjalla á breiðum grundvelli um faraldsfræðilegar rannsóknir, setja fram hugmyndir um ný verkefni fyrir Rannsóknarstöð Hjartaverndar, nýjar spurningar og gera tillögur um úrvinnslu gagna.

Stjórn Rannsóknarstofu er skipuð 3 mönnum og er einn þeirra

forstöðumaður rannsóknarstofunnar. Einn stjórnarmanna á sæti í rannsóknarstjórn Hjartaverndar. Hlutverk stjórnarinnar er yfirumsjón með rekstri rannsóknarstofunnar. Hún gerir tillögur til framkvæmdastjórnar um tækjakaup, ráðningu starfsmanna og gerir fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Hún ber ábyrgð á gæðaeftirliti og annast „hreinsun“ og frágang mælinganiðurstaðna.

Stjórn upplýsingamiðlunar og útgáfustarfsemi er skipuð 3 mönnum og á einn þeirra sæti í rannsóknarstjórn Hjartaverndar. Hún skipuleggur í samráði við framkvæmdastjórn kynningar- og fræðslustarf samtakanna og annast útgáfustarfsemi fyrir almennинг. Sérstök áhersla er lögð á kynningu á gögnum og rannsóknarniðurstöðum Hjartaverndar.

Frá Hjarta- og æðaverndarfélagi Akureyrar:

Skýrsla til stjórnar Hjartaverndar

Aðalfundur Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar var haldinn laugardaginn 26/11'88 í Mánasal Sjallans á Akureyri. Virkni í féluginu undanfarin misseri hefur ekki verið mikil og ljóst að þar yrði að verða bragarbót á. Féluginu var kosin ný stjórn og sitja hana Gunnlaugur Jóhannsson, rafvirki, formaður, Friðrik E. Yngvason, læknir, ritari, Kristín Sigfúsdóttir, hússtjórnarkennari, gjaldkeri, Ingvar Þóroddsson, læknir, meðstjórnandi og Jón Pór Sverrisson, læknir, meðstjórnandi. Í varastjórn voru kosin Sigríður Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Skúli Flosason, húsvörður.

Á fundinum var ákveðið að breyta nafni félagsins í Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis og ákveðið að efla mjög starfið á Akureyri og teygja það til nágrannabyggðalaganna.

Í anda þessa var almennur fundur strax að loknum aðalfundi og sóttu þann fund 43 fundargestir. Fundurstjóri var Ragnar Steinbergsson, hæstaréttarlögmaður. Fundarefnini var kynning á hjarta- og æðasjúkdómum og talaði þar Jón Pór Sverrisson, hjartasérfræðingur, um nýjungrar í meðferð kransæðasjúkdóma og síðar á fundinum um háar blóðfitur og kransæðasjúkdóma. Friðrik E. Yngvason, lungnasérfræðingur, flutti erindi sem nefndist „Hvers vegna reykja menn gegn betri vitund?“. Kristín Sigfúsdóttir, hússtjórnarkennari, talaði um viðhorf til matarædis og manneldis. Að lokum rætti Porkell Guðbrandsson, yfirlæknir, dr. med., um rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum á Akureyri. Nokkrar umræður og fyrirspurnir urðu um fundarefni. Allmargir nýir félagar skráðu sig á fundinum. Það er ætlan Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyri og nágrennis að þetta verði upphaf sóknar á félagssvæðinu, félagatala verði stóraukin og markmiðum félagsins fylgt harðar fram en verið hefur.

Akureyri, 15. mars 1989

Gunnlaugur Jóhannsson, formaður.
Friðrik E. Yngvason, ritari.

Skráning bráðrar kransæðastíflu

Monica-rannsókn Hjartaverndar á Íslandi



Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hóf árið 1979 undirbúning að fjölbjóðlegri rannsókn á orsökum breytinga á tíðni hjarta- og æðasjúkdóma og var henni gefið nafnið MONICA sem er dregið af lykilorðum rannsóknarinnar, "Monitoring of trends and determinants in cardiovascular diseases".

Arið 1981 fór landlæknir þess á leit við Rannsóknarstöð Hjartaverndar að kanna möguleika á samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um þetta verkefni og hóf Hjartavernd undirbúning að henni í maí 1982. Pessi fjölbjóðaskráning fer fram samtímis á 39 stöðum í 27 löndum í Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu, Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Markmið rannsóknarinnar er að skýra orsakir breytinga á tíðni hjarta- og æðasjúkdóma innan sérhvers rannsóknarsvæðis með því að kanna áhættuþætti og meðferð sjúkdómsins. Einnig gefur rannsóknin tilefni til landfræðilegs samanburðar þar sem svæðin eru mörg afar ólík mannfræði- og menningarlega. Rannsóknartímabilið er 10 ár og spannar skráningin allt landið og íbúa þess á aldrinum 25-74 ára.

Allir samstarfsaðilar MONICA WHO rannsóknarinnar byggja rannsóknir sínar og niðurstöður á eftirtöldum heimildum:

1. Opinberum mannfjöldaskýrslum.
2. Rannsókn á tilfellum lifandi og látt-

inna skráðum með kransæðastíflu (ICD* 410 og 411), dánarvottorðum (ICD 410-414) og krufningaskýrslum samkvæmt skilmerkjum MONICA-rannsóknarinnar.

3. Skráningu á neyðarþjónustu og meðferð bráðrar kransæðastíflu á sjúkrahúsum í upphafi og við lok rannsóknarinnar.
4. Premur úrtakskönnunum á áhættuþáttum kransæðastíflu þ.e. blóðþrýstingi, reykingum og blóðfitu, við upphaf aðalrannsóknar, á miðju tímabili og í lokin.

Niðurstöður fjögurra ára liggja þegar fyrir úr skráningunni um tíðni bráðrar kransæðastíflu (coronary event register study), fyrri bráðarþjónustuskráningunni (acute care of coronary events) og fyrstu áhættuþáttakönnuninni (population risk factors survey).

RANNSÓKNARAÐFERÐ

Allt Ísland er vettvangur MONICA-rannsóknarinnar en jafnframt er landinu skipt upp í þrjú svæði til að fá samanburð á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Svæðin eru aðgreind í (01) Reykjavík, (02) Árnessýslu ásamt Selfossi og (03) allt landið að frádregnum tveimur fyrri svæðunum.

Skráning og öflun upplýsinga fer í

öllu eftir ströngum skilmerkjum sem MONICA WHO Manual of Operation (1) setur öllum þátttökuaðilum að fara eftir og er að finna í MONICA handbók Hjartaverndar (2).

Pjálfun og eftirlit með að kröfum MONICA WHO við skráningu sé framfylgt er í höndum The Cardiovascular Epidemiology Unit, Ninewells Hospital and Medical School í Dundee í Skotlandi. Kennslu og pjálfun í úlestri hjartalínurita sér The Hungarian Institute of Cardiology í Budapest um og eftirlit með gæðakröfum við rannsóknir á blóðsýnum fer fram við The WHO Collaborating Lipid Reference Centre í Prag.

Heimildir skráðra tilfella kransæðastíflu og bráðameðferðar á sjúkrahúsum eru samræmd tölvuskrá sjúkrahúsa á landinu öllu skv. ICD-9 alþjóðaskráningu sjúkdóma, dánarvottorð og krufningaskýrslur. Rakið er ferli hvers tilfellis frá því að fyrstu einkenni koma í ljós allt til útskriftar og skráð ópersónubundið á sérstök þar til gerð eyðublöð. Farið er á öll sjúkrahús landsins til gagnasöfnunar. Við skyndidauða utan sjúkrahúsa er auk þess aflað upplýsinga hjá aðstandendum og lækni er annaðist viðkomandi síðast.

Hér á landi munu allir, sem greindir eru með bráða kransæðastíflu, lagðir inn á sjúkrahús til meðferðar og byggir MONICA-rannsóknin á heimildum um

* Alþjóðleg dánarmeinaskrá 9. útgáfa.

meðferð þeirra. Til að tryggja að upplýsingar um bráða kransæðastíflu við skyndidauða utan sjúkrahúsa skráist eru öll dánarvottorð yfirfarin.

Öll tilfelli bráðrar kransæðastíflu lifandi og látinna eru flokkuð í MONICA greiningarstig (MS) ("MONICA diagnostic categories") eftir sérstökum skilmerkjum. Til að ákvárd MS er fyrir hvert skráð tilfelli aflað upplýsinga um bráð einkenni, niðurstöður mælinga hjartaensíma, breytingar í hjartalínuritum (Minnesota code*) og krufninganiðurstöður. Pessi flokkun (MS) er eftirfarandi:

- 1 = bráð kransæðastífla staðfest með dæmigerðri sögu einkenna, ensímmælingum, úlestri hjartalínurita og við dauða einnig með krufninganiðurstöðum
 - 2 = hugsanleg bráð kransæðastífla eða hjartadauði byggð á sömu skilmerkjum og 1, en ekki eins ákveðnum ensím- og hjartalínuritsbreytingum
 - 3 = hjartastopp með árangursríki endurlífgun þar sem skilmerkjum 1 og 2 er ekki fullnægt
 - 4 = hvorki bráð kransæðastífla né hjartadauði
 - 9 = ófullnægjandi upplýsingar
- *Alþjóðleg skráningarskilmerki fyrir hjartalínuritsbreytingar.

NIÐURSTÖÐUR OG SAMANBURÐUR ÁRANNA 1981 - 1984.

Safnað hefur verið heimildum og unnið úr upplýsingum fjögurra ára um bráða kransæðastíflu (3). Skráð tilfelli skv. MONICA skilmerkjum (MS) 1, 2, 3, 4 og 9 fyrir árin 1981-1984 eru eftirfarandi (Tafla 1, 2, 3 og 4):

Dánartölum karla og kvenna á aldrinum 25-27 ára skv. MONICA skilmerkjum (MS) 1, 2, 3, og 9 tölum frá Hagstofu Íslands ber ve saman (Tafla 2). Aftur á móti ef aðeins eru tekin með MONICA skilmerki 1 og 2, þ.e. staðfest eða hugsanleg bráð kransæðastífla, þá fækkar MONICA tilfellunum, þar sem inni í hinum skilmerkjunum eru ófullnægjandi upplýsingar sem þá einnig eru í tölu Hagstofu Íslands.

Eins og fyrr greinir frá er einn megin tilgangur MONICA-rannsóknarinnar að kanna tíðni bráðrar kransæðastíflu óháð hvort um fyrsta eða endurtekið tilfelli er að ræða, en 28 dagar verða að

líða á milli tilfella skv. skilmerkjum MONICA WHO. Sögu og upplýsingum um fyrrí kransæðastíflu er því einnig safnað og sýnir eftirfarandi tafla fjölda og hlutfall fyrsta og endurtekins tilfellis þeirra sem fullnægjandi heimildir eru til um skv. MONICA skilmerkjum. Tafla 3.

MONICA-rannsókn Hjartaverndar er um það bil hálfnuð og eins og fyrr er greint frá liggja fyrir niðurstöður fjögurra ára um bráða kransæðastíflu, en vinna við skráningu tveggja ára til viðbótar er vel á veg komin. Einnig er lok-íd fyrrí bráðapjónustuskráningunni og fyrstu áhættuþáttakönnuninni og verið

TAFLA 1.

Tala og hlutfall (%) lifandi og látinna 25-74 ára karla og kvenna úr kransæðastíflu á Íslandi skv. skilmerkjum MONICA RANN-SÓKNAR WHO árið 1981-1984

	lifandi						dánir					
	alls	%	ka	ko	alls	%	ka	ko				
Ákveðin kransæðastífla	(1)	226	62	178	48	102	40	73	29			
Hugsanleg kransæðastífla	(2)	90	25	59	31	130	52	111	19			
Hjartastopp með												
árangursríki endurlífgun	(3)	1	0	1	0	0	0	0	0			
Ekki bráð kransæðastífla	(4)	46	13	35	11	8	3	4	4			
Ófullnægjandi upplýsingar	(9)	0	0	0	0	13	5	10	3			
Samtals		363	100	273	90	253	100	198	55			

	lifandi						dánir					
	alls	%	ka	ko	alls	%	ka	ko				
Ákveðin kransæðastífla	(1)	254	64	188	66	86	38	67	19			
Hugsanleg kransæðastífla	(2)	70	18	50	20	110	48	84	26			
Hjartastopp með												
árangursríki endurlífgun	(3)	5	1	5	0	0	0	0	0			
Ekki bráð kransæðastífla	(4)	68	17	47	21	27	12	17	10			
Ófullnægjandi upplýsingar	(9)	0	0	0	0	5	2	5	0			
Samtals		397	100	290	107	228	100	173	55			

	lifandi						dánir					
	alls	%	ka	ko	alls	%	ka	ko				
Ákveðin kransæðastífla	(1)	211	66	167	44	67	28	55	12			
Hugsanleg kransæðastífla	(2)	50	16	36	14	135	58	112	23			
Hjartastopp með												
árangursríki endurlífgun	(3)	5	1	5	0	0	0	0	0			
Ekki bráð kransæðastífla	(4)	54	17	37	17	16	7	11	5			
Ófullnægjandi upplýsingar	(9)	0	0	0	0	16	7	13	3			
Samtals		320	100	245	75	234	100	191	43			

	lifandi						dánir					
	alls	%	ka	ko	alls	%	ka	ko				
Ákveðin kransæðastífla	(1)	250	69	193	57	80	36	62	18			
Hugsanleg kransæðastífla	(2)	65	18	49	16	121	54	97	24			
Hjartastopp með												
árangursríki endurlífgun	(3)	5	1	4	1	0	0	0	0			
Ekki bráð kransæðastífla	(4)	42	12	27	15	7	3	6	1			
Ófullnægjandi upplýsingar	(9)	0	0	0	0	17	7	13	4			
Samtals		362	100	273	89	225	100	178	47			

TAFLA 2

Tala kransæðastíflutilfella lifandi og látinna karla og kvenna 25-74 ára skv. (MS) MONICA skilmerkjum samanborið við opinberar tölur og hlutfall % krufninga.

	MO MS 1.2.3.9			MO MS 1.2.			Hagstofa ICD 410-414				
Ár	alls	dánir	krufn	%	alls	dánir	krufn	%	dánir	krufn	%
1981	562	245	128	52	548	232	128	55	246	128	52
1982	530	201	93	46	520	196	93	47	211	93	44
1983	484	218	101	46	463	202	101	50	226	101	45
1984	538	218	89	41	516	201	89	44	220	89	40

TAFLA 3

Fyrsta eða endurtekið tilfelli kransæðastíflu kvenna og karla 25-74 ára í MONICA RANNSÓKN HJARTAVERNDAR 1981-84 með fullnægjandi heimildir skv. MONICA-skilmerkjum.

Ár	alls	fyrsta tillf.	%	endurt. tillf.	%
1981	520	329	63	191	37
1982	512	351	69	161	31
1983	452	294	65	158	35
1984	520	341	66	179	34

að vinna að þeiri næstu. Mikil vinna er eftir við tölvusetningu og úrvinnslu gagna úr öllum þrem þáttum þessarar viðamiklu rannsóknar sem verður fram haldið svo hratt sem aðstæður Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar leyfa.

Heimildir:

1. World Health Organisation: MONICA Manual, Version 1.1, Genf 1986.
2. Rannsóknarstöð Hjartaverndar: MONICA PROJECT, ICELAND, Manual of Operation, Nikulás Sigfússon, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Reykjavík 1985.
3. Rannsóknarstöð Hjartaverndar: MONICA ICELAND STUDY 1981-1984, Nikulás Sigfússon, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Helgi Sigvaldason, Reykjavík 1989.

Rannsóknarstöð Hjartaverndar 10. mars 1989.

The advertisement features a large, stylized sunburst mouth at the top right, with a woman in the foreground eating cereal from a bowl. To the left is a box of Cheerios cereal. The text reads:

Cheerios®
Sólargeisli
i hverri skeið

GENERAL MILLS

CHEERIOS

FREE

NATHAN & OLSEN HF.

ARGUS

Uggi Agnarsson læknir:

Æðakölkun og varnir gegn henni



Langvinnir sjúkdómar af ýmsu tagi eru algengir í þróuðum löndum. Margir þessara sjúkdóma eru þess eðlis að þeir eru líklegri til að svara fremur fyrirbyggjandi aðgerð en meðferð á sjúkdóminum sjálfum a.m.k. áður en einkenni sjúkdómsins fara að koma fram.

Pannig er t.d. farið um kransæðasjúkdóma sem um þessar mundir eru leiðandi dánarorsök í þróuðum löndum. Á Íslandi eru kransæðasjúkdómar langalgengasta dánarorsök meðal karlmannna og einnig algengasta dánarorsök meðal kvenna þótt aldurs dreifingin sé nokkuð önnur.

Faraldsfræðilegar rannsóknir, svo sem sú sem gerð hefur verið í Framingham í Massachusettsfylki í Bandaríkjum, hafa bent á ýmsa áhættuþætti sem auka líkur á þessum sjúkdómi. Hækkun blóðfitu, s.s. kólesteróls í blóðvökvum umfram meðalgildi, hefur reynst vera einn þessara áhættuþáttta, a.m.k. meðal karla en samband þess við æðakölkun meðal kvenna er ekki eins ákveðið enda eru rannsóknir þar skemmra á veg komnar.

Ljóst er að mjög er mismunandi eftir búsetu og þjóðflokkum hverjar líkur á hjarta- og æðasjúkdómum eru. Í sumum tilvikum er verulegur munur á blóðfitugildum, t.d. eru íbúar í Mið-Afríku

að jafnaði miklu lægri í kólesteróli en Vesturlandabúar. Þessi munur er talinn hluti af skýringu á mun lægri tíðni kransæðasjúkdóma meðal t.d. Kenyamanna.

Hins vegar verður ekki allur munur á tíðni æðasjúkdóma skilinn ef einungis er horft á kólesterólgildi eða aðra þekkta áhættuþætti. Pannig er dánartíðni úr kransæðasjúkdómum meðal eskimóa lægri en nágrannabjóðanna þrátt fyrir að blóðfitugildin séu svipuð. Skýringin á þessum mun er e.t.v. fólgin í að eskimóar neyta fæðu sem inniheldur vissar fitusýrur í óvenju miklum mæli. Fiskur veiddur úr köldum sjó og lýsi sem unnið er úr fiskinum ásamt sel-spiki inniheldur mikið af omega fitusýrum sem talið er að hafi áhrif til að draga úr æðakölkun.

BLÓÐFITA

Fita í blóðvökvum er borin í svo nefndum lipópróteinum sem gerir fitunni kleift að ferðast um vatnsfasa líkamans. Lipópróteinin eru flokkuð eftir þéttleika sínum sem aftur ræðst af hlutfalli fitu og próteins í lipopróteininu. Í stórum dráttum skiptast lipopróteinin í lipoprótein með miklu magni af þríglýseríðum, s.s. kýlomikron og mjög lág-

þétt lipóprótein (VLDL) og lípoprótein með miklu magni af kólesteróli, þ.e. lágbétt (LDL) og hápétt (HDL) lipóprótein.

Við rannsóknir hefur komið í ljós að LDL er sá blóðfituþáttur sem hefur hvað mesta fylgni við kransæðasjúkdóma og myndun æðakölkunar bæði í kransæðum og öðrum slagæðum. Þá hefur einnig komið í ljós að HDL virðist hafa verjandi áhrif á æðakerfið og draga úr æðaskemmdum eftir LDL. Við mælingar á HDL og útreikningi á LDL fer saman lækkun á HDL og hækkun á LDL, miðað við meðalgildi m.t.t. aldurs, hjá kransæðasjúkum.

LDL ber mest af kólesteróli sem finnst í blóðvökvum og er sú náma sem vefir fá kólesterol úr sér til uppbyggingar og viðhalds. Pannig hafa vefir og æðar sérstakan LDL móttaka á yfirborði frumanna sem þekkast apo-B 100 og apo-E, sem er hluti af lipopróteininu sem LDL er gert úr og gerir það vefjunum kleift að nálgast kólesterólið í LDL. Lifrin hefur mótttaka á frumum sínum og leitast hún við að stýra magninu af LDL í sermi með upptöku á því í vaxandi mæli ef LDL-þáttur blóðfitunnar hækkar.

HDL bindur apo-C og frítt kólesteról sem losnar frá vefjum eða við niðurbrot

á kýlómíkrónum, VLDL og LDL. HDL tekur einnig við kólesteróli frá frumuhimnu. HDL berst a.m.k. að hluta til með blóði aftur til lifrarinnar þar sem það útskilst í gallvökva og er hér komin ein leið fyrir líkamann að losna við umfram kólesteról, auk þess sem gallvökvinn er nauðsynlegur fyrir frásog á fitu úr meltingarvegi.

s.s. eicosapentaenoic(EPA)-fitusýrur og docosahexaenoic(AHA)-fitusýrur draga úr virkni ýmissa kemiskra boðefna, sem stuðla að iferð hvítra blóðkorna og annarra blóðkorna í æðaveggi og valda einnig aukinni þykkunum á æðaveggnum. Í þessu samhengi hefur mælst minnuð virkni á interleukin 1 og tumor necrotic faktor sem e.t.v. eru mikilvægir við myndun atheroma, þ.e. forstig að æðakölkun.

ATHEROSCLEROSIS (ÆÐAKÖLKUN)

Hvað er æðakölkun eða atherosclerosis og hvernig verður hún?

Prátt fyrir margra ára rannsóknarstörf fer því fjarri að fullnægjandi skýring sé fengin á þessari spurningu. Pannig er talið að skemmdir verði á endoþeli, þ.e. innsta hluta slagæðaveggja, fyrir áhrif margþætts áreitis, sem verður einkum ef áhættuþættir, s.s. reykningar, háþrystingur, blóðfituhækkan og vissir ónæmisþættir, auk annarra þátta af óvissari þýðingu, eru fyrir hendi.

Æðaveggurinn verður fyrir áverka fyrir tilstuðlan áhættuþáttanna, blóðflögur og hvít blóðkorn eru virkjast og safnast að áverkanum. Undir venjulegum kringumstæðum framleiðir æðin prostacyclin, sem hefur það hlutverk að bægja blóðflögum og öðrum blóðkornum frá æðaþelinu. Fyrir tilstuðlan aukins LDL-þáttar kólesteróls dregur úr myndun á prostacyclini og fituútfelling myndast innan á aðaþeli og áðurnefndar blóðflögur og hvít blóðkorn virkjast til að valda meiri áverkum á æðaþelið. Hvít blóðkorn og blóðflögur losa vaxtarþátt (PDGF), sem aftur örvar sléttu vöðva í æðaþelinu til vaxtar og þykkunar. Pannig þrengist og harðnar æðin og sár geta myndast í æðaþelið. Petta er æðakölkun.

HDL-hluti blóðfitunnar dregur hins vegar úr magni LDL í æðaþelinu og er talið að því sé fölginn varnarmáttur þess.

Ýmsar fitusýrur koma við sögu í myndun atheroma þ.e. fituútfellingar í æðum. Arachidón-sýran er forstig að myndun thromboxan A2 sem myndast í blóðflögum og virkjar þær til samloðunar og til að festast við æðaveggi. Aðrar fitusýrur eru fremur hagstæðar, þ.e. þær stuðla að því að æðaveggurinn verjist betur ásókn fituútfellinga. Í ljós hefur komið að omega(n-3)-fitusýrur,

VARNIR GEGN ÆÐAKÖLKUN

Í framhaldi af rannsóknum sem benda til þess að fitusýrur í matarædi eskimóa og annarra fiskneysluþjóða dragi úr dánartíðni hjarta- og æðasjúkdóma hafa verið gerðar rannsóknir þar sem reynt hefur verið að sýna fram á að neysla á lýsi og lyfjum sem innihalda ómegafitusýrur dragi úr æðakölkun.


Weiner og félagar sýndu fram á í rannsóknum gerðum á svínum að borskalýsi ver æðaveggi fyrir myndun atheroma. Í þeirri rannsókn fengu svínin hákólesterólfæði og að auki fékk helmingur svínanna lýsi. Svínin sem fengu lýsi urðu fyrir mun minni æðaskemmdum en hin sem ekkert lýsi fengu.

- Sjá nánar á mynd. Mynd A sýnir kransæð svíns sem fékk hákólesterólfæði og er æðin verulega þrengd vegna æðakölkunar. Mynd B sýnir annað svín á sama fæði sem einnig fékk lýsi og eru nær engin merki um æðakölkun í kransæðum þessa svíns. Pótti rannsóknin lofa góðu um árangur af lýsistöku til varnar æðakölkun.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að lyf sem innihalda Omega 3-n fitusýrur lengja mjög endingu kransæðagræðlinga eftir kransæðahjáveituadgerð. Betri ending græðlinga þýðir hins vegar mun betri horfur fyrir þessa hjartasjúklinga.

Í þessum rannsóknum og öðrum hefur þessi hagstæði árangur af töku lýsis og Omega 3-n lyfja verið settur í samband við áhrif sem komu í ljós á fitusamsetningu blóðsins hjá neytendumum. Fitusýrur eins og arachidón-sýran sem aður hefur verið nefnd lækkar að gildistölu og EPA- og DHA-fitusýrur aukast að vægi.

Í rannsóknum gerðum á Íslendingum hefur komið í ljós að EPA- og DHA-fitusýrur eru um 5% af fitusýrum í



blóðvökva. Pessar tölur eru hærri en samsvarandi fitusýrur meðal Bandaríkjumanna og íbúa Vestur-Evrópu en lægri en meðal eskimóa. E.t.v. er hér kominn hluti af skýringunni á því hvers vegna kransæðasjúkdómatíðin á Íslandi er ekki enn hærri en hún í rauninni er miðað við að meðalkólesterol-gildi okkar eru með þeim hæstu sem þekkjað. Pannig getur verið að fiskmetis- og lýsineysla Íslendinga dragi úr æðaskemmandi áhrifum hákólesterols. Pessar spurningar og aðrar skyldar eru meðal verkefna Hjartaverndar um þessar mundir og er vonast til að aukin þekking muni bæta skilning okkar á samhengi þessara þátta og gera mönnunum kleift að gefa ráðleggingar um venjur og matarædi sem standist. Um varnir gegn háu kólesteroli verður ekki frekar fjallað í þessu erindi en þó má benda á að nýlega er farið að nota ný og virk lyf sem beinast einkum að því að lækka LDL og hækka HDL í blóðvökva og einnig að því að lækka þríglyceríða. Eru vonir bundnar við að meðferð af þessu tagi muni draga enn frekar úr hjarta- og æðasjúkdónum á næstu árum. Hins vegar er ljóst að aðeins einstaklingar með verulega hækkaða blóðfitu munu fá þessa meðferð og er því mikil áhersla lögð á fyrirbyggjandi starf með breytingum á matarædi og væntanlega notkunar á lýsi.

Hjartavernd fær arf

Sigurjón K. Þorbjörnsson
arfleiddi Hjartavernd
að öllum eignum sínum.



Hinn 13. september 1988 andaðist í Sundhöllinni í Reykjavík Sigurjón K. Þorbjörnsson, Mímisvegi 2. Varð hann bráðkvaddur þegar hann var að iðka venjulegt sund. Hann hafði gert erfðaskrá sem geymd var hjá lögmanni og þegar hún var opnuð kom í ljós að hann hafði arfleitt Hjartavernd að öllum eignum sínum, íbúð að Mímisvegi 2, innbúi og nokkrum fjármunum. Hann hafði látið svo um mælt að Hjartavernd væri vegna starfa sinna vel að þessum arfi komin.

Sigurjón K. Þorbjörnsson var fæddur 11. október 1916 og var því tæpra sjötíu og tveggja ára þegar hann lést. Hann var verkamaður og starfaði lengst af í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Hann var ókvæntur og barnlaus og bjó frá æskuárum að Mímisvegi 2 í Reykjavík. Hann var yfirlætislaus maður og barst lítt á en vissi hvað hann vildi og stóð við sitt.

Hugarfar Sigurjóns til Hjartaverndar verður best þakkað með meira og betra starfi að rannsóknum, fræðslu og forvörnum. Vel þegið fé kemur ætíð að gagni og verður afl góðra hluta sem gera skal.

Eldri arfur.

Pess er þá einnig vert að geta að á síðasta ári fékk Hjartavernd greiddar 2 millj. kr. úr dánarbúi Vilhjálms Þorsteinssonar, Álfheimum 54 Reykjavík. Vilhjálmur dó fyrir nokkrum misserum og hafði ánafrnað Hjartavernd ásamt þremur öðrum líknarfélögum eigur sínar. Dánarbú hans er enn í höndum lögmanns.

Minningargjöf.

Í aprílþyrjun fékk Hjartavernd einnig rausnarlega minningargjöf um Halldóru Ólafsdóttur, Ljósheimum 8A Reykjavík, sem lést í september slíðastliðnum. Sambýlismaður hennar, Haukur Guðmundsson, afhenti Hjartavernd 400 þús. kr. til minningar um hana og ættingjar hennar 100 þús. kr. til viðbótar, samtals 500 þús. kr.

Pessir fjármunir munu að vonum efla starfsemi Hjartaverndar og veita styrk til meira átaks í forvörnum gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Hugur gefenda hefur verið bundinn því verkefni. Um leið og þakkar eru látnar í té er skyt að minnast gefenda með betra og meira starfi.

Ársskýrsla

Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar
Starfsárið 1/1 - 31/12 1988

Dr. Nikulás Sigfússon yfirlæknir tók saman

Yfirlit.

Petta er tuttugasta og fyrsta starfsár stöðvarinnar. Hóprannsókn Hjartaverndar á höfuðborgarsvæðinu er aðalverkefni stöðvarinnar og stendur nú yfir 5. áfangi kvennar-rannsóknar. Hófst hann í apríl 1987 og er nú tæplega hálfnáður.

Eins og áður hefur verið skoðað fólk á stöðinni, sem ekki er í hóprannsókn, en er vísað til stöðvarinnar af læknum eða leitar sjálf. Fjöldi þessara gesta hefur farið vaxandi, var á s.l. ári um 150 á mánuði en á þessu starfsári um 200.

S.k. MONICA-rannsókn miðar vel. Lokið er skráningu allra kransæðastíflutilfella árin 1981, 1982, 1983 og 1984. Áhættuþáttakönnun 3000 manna úrtaks á aldrinum 25-74 ára hófst í september. Um 700 einstaklingar höfðu verið rannsakaðir um áramót. Petta er önnur áhættuþáttakönnun sem gerð er í tengslum við MONICA-rannsókn, hin fyrsta var gerð árið 1983.

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði. Ráðinn var til stöðvarinnar Sigurbjörn Björnsson, læknir, sérfræðingur í ellisjúkdónum, í hálfa stöðu. Edda Emilsdóttir hætti störfum og einnig Jóhanna Svavarsdóttir en í stað þeirra voru ráðnar Björk Snorradsdóttir og Margrét Björgvinsdóttir. Í nóvember létt af störfum Ottó J. Björnsson, docent, sem verið hefur tölfræðilegur ráðgjafi rannsóknarstöðvarinnar frá upphafi. Sérstök ástæða er til að þakka Ottó fyrir ómetanlegan þátt hans í skipulagningu og framkvæmd Hóprannsóknar Hjartaverndar og úrvinnslu á gögnum en Ottó átti sæti í Úrvinnslustjórn alla tíð og var formaður hennar fyrstu árin.

Nokkur tæki voru endurnýjuð á árinu, m.a. var fengin nýr efnamælir af gerðinni „Cobas-Mira“ í stað þess sem fyrir var og reynst hafði illa. Hefur reynsla af hinu nýja tæki hingað til verið mjög góð. Keyp特 var nýtt hjartalínu ritstæki en tvö tæki eru fyrir á stöðinni. Keyptr var leysi-prentari ásamt tölvu til þess að vinna betur handrit fyrir rit og greinar stöðvarinnar.

Unnið var að úrvinnslu gagna undir stjórn Úrvinnslustjórn- ar þar til Rannsóknarstjórn tók við. (Sjá nánar skýrslu Úrvinnslustjórnar).

Rannsóknir.

Fimmti áfangi Hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkur-svæðinu.

Í mars 1987 hófst undirbúningur að boðun kvenna í fimmta áfanga Hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkur-svæðinu. Í þessum áfanga eru konur í s.k. b-hóp, sem boðið hefur verið til rannsóknar í öllum áföngum til þessa og til samanburðar er boðið s.k. e-hóp sem ekki hefur verið rannsakaður áður á stöðinni. Upphaflega (1967) voru í b-hóp 3.154 konur og í e-hóp 2.227. Pegar rannsóknin hófst þ. 27. 4. 1987 voru látnar 375 konur úr b-hóp en 310 úr e-hóp. Alls var því boðið til rannsóknar 4.696 konum. Árið 1987 voru rannsakaðar 733 konur og árið 1988 691 (Tafla I). Alls hafa því verið skoðaðar á stöðinni 1424 konur í fimmta áfanga Hóprannsóknar kvenna á Reykjavíkur-svæðinu. Sömu rannsóknir eru gerðar og í fyrra áföngum, en auk þess er gerð mæling á HDL-blóðfitu. Ljóst er að með sömu afköstum og verið hafa síðan þessi áfangi hófst, mun rannsókninni ekki ljúka fyrr en seint á næsta ári (1990).

Monica-rannsókn.

Pessari rannsókn, sem er fjölbjóðarannsókn undir yfir-umsjón Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, hefur áður verið lýst í árskýrslum. Rannsóknin er í aðalatriðum tvíþætt: könnun áhættuþáttu og skráning kransæðastíflutilfella.

Skráning kransæðastíflutilfella var haldið áfram á árinu. Pessi skráning hófst með árinu 1981 og er nú lokið skráningu áranna 1981, 1982, 1983 og 1984. Skráningargögön hafa verið send til sameiginlegrar vinnslu í „MONICA DATA CENTRE“ í Helsinki. Gert er ráð fyrir að kynna fyrstu niðurstöður íslenzku skráningarinnar á þingi Skandinaviska hjartalækna er haldið verður í Reykjavík í júní 1989.

Lokið var skráningu á „acute coronary care“ þ.e. meðferð kransæðastíflu í upphafi rannsóknartímabilsins. Sams konar skráning mun fara fram í lok þess.

A þessu ári hófst önnur áhættuþáttakönnunin af þremur sem fyrirhugaðar voru. Í þessa áhættuþáttakönnun er val-

ið tilviljunarúrtak 1500 karla og 1500 kvenna í Reykjavík og Árnessýslu. Pessi rannsókn hófst í september. Alls höfðu verið rannsakaðir 690 einstaklingar um áramót (Tafla I). Rannsóknin er fólgin í könnun á reykingavenjum, mælingum á líkamshæð og þyngd, og mælingu á heildar-kólesteróli, þríglyseríðum og HDL í blóði. Auk þess er mælt thiocyanat í blóði til sannprófunar á upplýsingum um reykingavenjur.

Rannsóknir fólks utan kerfisbundinna skoðana.

Eins og áður hefur verið rannsakað fólk utan hinna kerfisbundnu skoðana, sem ýmist er vísað á stöðina af læknum eða leitar þangað sjálf.

Alls voru rannsakaðir 2.131 einstaklingar í þessum flokki sem er nokkur aukning frá fyrra ári (1.826).

Aðrar rannsóknir.

1. Rannsókn á hjartavöðvasjúkdómi (*cardiomyopathy*).

Uggi Agnarsson, læknir hefur í samvinnu við Lyflæknisdeild Landspítalans halddi áfram rannsókn á hjartavöðva sjúkdómi meðal þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar, sem áður hefur verið lýst. Hefur Uggi lokið rannsókn karlahóps og vinnur nú að samsvarandi rannsókn á kvennahóp; jafnframt úrvinnslu á gögnum karlarannsóknar. Hefur Uggi kynnt fyrstu niðurstöður þessara rannsókná á læknaþingum bæði innanlands og erlendis (sjá Skýrslu Úrvinnslustjórnar).

2. Rannsókn á tannheilsu.

Í samvinnu við Tannlæknadeild Háskóla Íslands (Einar Ragnarsson, lektor, Sigfús Pór Elíasson, prófessor, og Sigurjón H. Ólafsson, lektor) hefur verið unnið að könnun á tannheilsu þátttakenda í „MONICA“-áhættuþáttakönnun. Hefur Tannlæknadeildin lagt til starfslið og séð um framkvæmd þessarar rannsóknar.

3. Rannsókn á gitgarþætti.

Á árinu 1986 var lokið mælingum á gitgarþætti (RF) í blóði allra þátttakenda úr Hóprannsókn Hjartaverndar í 3. og 4. áfanga. Árið 1987 fór fram sérstök rannsókn á liðum og liðaeinkennum þeirra sem reyndust jákvædir fyrir RF og á samanburðarhóp. Unnið er að úrvinnslu gagna, og hafa nokkrar niðurstöður verið kynntar (sjá Skýrslu Úrvinnslustjórnar).

4. Samvinna við Krabbameinsskrá.

Í samvinnu við próf. Hrafn Tulinius, yfirlækni Krabba meinsskrár, hefur verið unnið að könnun nokkurra á-hættuþáttu þeirra þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar er greinst hafa með krabbamein. Svo virðist sem sumir áhættuþættir hjarta- og aðasjúkdóma og krabba-meins geti verið sameiginlegir. Fyrstu niðurstöður þessara rannsóknna hafa verið birtar í tímaritum og kynntar á læknaþingum.

5. Söfnun viðmiðunarsýna.

Í sambandi við ýmsar rannsóknir sem gerðar eru hér-lendis hefur verið skortur á góðum viðmiðunarsýnum frá óvöldu úrtaki þjóðarinnar. MONICA-rannsóknin, sem hófst á árinu, er heppileg til þessara hluta og hefur verið safnað nokkrum blóðsýnum fyrir Krabbameinsfélögð (Helgu Ógmundsdóttur), Rannsóknarstofu Landspítalans (Valgarð Egilsson) og Lyflækningsadeild Borgarspítalans (Gunnar Sigurðsson).

6. Skjaldkirtilsrannsókn.

Í samvinnu við Lyflækningsadeild Landspítalans (Ást-ráður B. Hreiðarsson) og Aarhus Amtssygehus í Danmörku (Dr. Peter Laurberg) hefur verið gerð athugun á skjaldkirtli um 50 þátttakenda í MONICA-rannsókn, til þess að kanna hvort samband er milli joðneyslu og mótnamyndunar (auto-immunitet).

7. Samanburðarrannsóknir á Íslendingum og Vestur-Íslendingum.

Eins og getið hefur verið í fyri ársskýrslum hefur um nokkura ára skeið verið unnið að samanburðarrannsókn á Íslendingum búsettu á Héraði og Vestur-Íslendingum búsettu á Inter-Lake-svæðinu í Kanada. Í þessu verkefni eru íslenskir, kanadiskir og bandarískir samstarfsaðilar. Þáttur Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar hefur aðallega verið að mæla blóðfitur í þeim einstaklingum sem hafa verið rannsakaðir.

Rannsókn er lokið hér á Íslandi og niðurstöður hafa verið birtar í nokkrum tímaritsgreinum sbr. fyri ársskýrslur. Unnið er að undirbúningi næsta áfanga þessara rannsóknna sumarið 1989 í Kanada en fyri áfangi þessara rannsóknna á Vestur-Íslendingum fór fram á s.l. ári.

TAFLA I.


Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfsárinu 1988 eftir mánuðum:

Mánuðir	V. afangi Hópranns. í Reykjav.	„MONICA“ áhættu- þáttaranns.	Utan hópsk.	Aðsend blóðsýni	Einst. í einst. prófum
	ka. ko.	ka. ko.	ka. ko.	ka. ko.	
Jan.	1988	83	127	81	1
Febr.	=	120	110	69	1
Marz	=	127	109	70	
April	=	76	94	74	1
Maí	=	72	138	82	1
Júní	=	45	167	100	
Júlí	=		106	92	
Ágúst	=	53			
Sept.	=	84 20 24	99	93	
Okt.	=	19 123 107	93	80	
Nóv.	=	10 160 161	103	58 2	1
Des.	=	2 53 42	131	55	
Alls		691 356 334	1277	854 2	6

Karlar	Konur	Alls	
Einst. rannsakaðir á árinu:	1633	1879	3512

HUARTAVERND

Efnisyfirlit 16.-25. árgangs Árin 1979–1988



Ritstjórn:

Snorri Páll Snorrason, Nikulás Sigfússon,

Stefán Júlíusson, Guðmundur

Porgeirsson, Þórður Harðarson

Útgefandi:

Hjartavernd, landssamtök hjarta- og œðaverndarfélag á Íslandi

	Árg.	Tbl.	Bls.
Aðalfundur Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar.			
Frétt	23	1	5
Aðalfundur Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur.			
Frétt	16	1	3
Aðalfundur Hjartaverndar 1979. Frétt	16	2	21
Aðalfundur Hjartaverndar 1980. Frétt	17	1	4
Aðalfundur Hjartaverndar 1983. Frétt	20	2	20
Afmælisár. Stefán Júliusson	21	2	1
Algengi skerts sykurpols. Gunnar Sigurðsson	16	2	12
Alkóhol, lípóprótin og kransæðasjúkdómar.			
P.D. Wood. Pýdd grein. S.J.	23	1	15
Andersen, S.M.: Heilsuræktarskólinn Stíflan.			
Pýðing S.J.	22	2	14
Asperín og kransæðastífla. Fréttagrein	25	2	18
Atli Árnason og Guðmundur Sveinsson læknar:			
Fréttatilkynning frá Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar	23	1	17
Á endurhæfingarstofnun í Pýskalandi. Viðtal við Björn Jónsson. Stefán Júliusson	16	2	5
Áhrif tóbaksreyks á lungu og líkama og þörfin á gagnaðerðum. Þorsteinn Blöndal	20	2	3
Áhættuþættir kransæðasjúkdóma meðal Íslendinga. Guðmundur Porgeirsson	25	2	15
Áhættuþættir kransæðasjúkdóms og varnaraðgerðir vestraennum þjóða. Sigurður Samúelsson	21	1	7
Dr. Árni Kristinsson yfirlæknir: Endurhæfing hjartasjúklinga	16	2	4
- Hjartabilunarlyf	19	1	11
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1979. Nikulás Sigfússon	16	2	15
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1980. Nikulás Sigfússon	17	2	19
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1981. Nikulás Sigfússon	18	2	13
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1982. Nikulás Sigfússon	19	2	21
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1983. Nikulás Sigfússon	20	2	13
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1984. Nikulás Sigfússon	21	2	19
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1985. Nikulás Sigfússon	22	2	17
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1986. Nikulás Sigfússon	24	1	17
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1987. Nikulás Sigfússon	25	1	18
Ávaxta- og grænmetisneysla og heilablóðfall. Fréttagrein	22	1	15
Ávarp (á fræðslufundi 1988) Sigurður Samúelsson	25	2	9
Baldvin P. Kristjánsson og Guðmundur Björnsson læknar: Breytingar á reykingavenjum karla í hóprannsókn Hjartaverndar 1967-'76	20	1	8
Baldwin, M. læknir: Lágur blöðsykur. Pýðing. Jóhanna G. Frímanns.	18	2	19
Blöðbankar - ný tæki í blöðgjöf. Fréttagrein	24	1	2
Blöðfita eftir kransæðaðerð. Fréttagrein	24	1	21
Blöðfita mæld á þremur mínumútum. Fréttagrein	22	1	3
Blöðtappi í lungum (lungnarek). Snorri P. Snorrason	16	2	9
Blöðþrýstingur á Siglufirði 1978. Skýrla um könnun Breytingar á reykingavenjum karla í Hóprannsókn Hjartaverndar 1967-'76. Baldvin P. Kristjánsson og Guðmundur Björnsson	20	1	8
Brjósak ú dýrum flutt í folk. Fréttagrein	23	1	19
Byrjun forvarnir á börnum. Leiv Ose. Pýtt S.J.	25	1	16
Dagfar A-manngerðar og kransæðastífla. M. Friedman. Pýðing S.J.	19	2	15
Davíð Davíðsson, Nikulás Sigfússon og Ottó J. Björnsson: Samanburður á reykingum karla og kvenna á aldrinum 40-70 ára	21	2	15
Doktorsritgerð Nikulásar Sigfússonar, fylgirit Acta Medica Scandinavica. Frétt	23	1	5

	Árg.	Tbl.	Bls.
Einar Ragnarsson, Sigfús Pór Eliasson og Sigurjón H. Ólafsson tannlæknar: Könnun á munneheilsu fullorðinna í Hópskoðun Hjartaverndar	24	1	4
Ekki lengur borð í tennur. Fréttagrein	23	1	19
Elín Ólafsdóttir læknir: Fáum við nóg af B- og C-vítamínum?	19	2	5
Endurhæfingardeild fyrir hjartasjúka á Reykjavíundi. Fréttagrein	18	1	1
Endurhæfingarstöð fyrir hjarta- og lungnasjúklinga. Frásögn og skipulagsskrá	25	2	23
Endurhæfing hjartasjúklinga. Árni Kristinsson	16	2	4
Endurhæfing hjartasjúkra. Stefán Júliusson	16	2	1
Endurhæfing hjartasjúkra á Reykjavíundi. Viðtal við Karl Friðrik Kristjánsson og Magnús B. Einarsson. Stefán Júliusson	19	1	7
Endurlifsgun úr dauðadái með aðstoð leikmanna (Landlæknir)	22	2	8
Er haegt að koma í veg fyrir kransæðasjúkdóm? Nikulás Sigfússon	17	2	9
Eru hjarta- og æðasjúkdómar á undanhaldi? Ný rannsókn. Nikulás Sigfússon	18	2	1
Eru tilvisanir heimilislækna gagnslausar? Greinargerð frá séfræðingum og framkvæmdastjórn Hjartaverndar	20	1	1
Fáum við nóg af B- og C-vítamínum? Elín Ólafsdóttir	19	2	5
Feit börn og hjarta- og æðasjúkdómar. Fréttagrein	23	1	19
Fita og heilsufar. Jón Óttar Ragnarsson	17	2	7
Forvarnir. Fréttagrein	22	1	1
Forvarnir - heilsugæsla almennings. Stefán Júliusson	24	1	1
Framfar í greiningartækni hjartasjúkdóma á Íslandi. Þórdur Harðarson	22	1	4
Framleidiðir hjartað hormón? Fréttagrein	21	2	3
Fréttatilkynning frá sjúkrahúsi Seyðisfjarðar Atli Árnason og Guðmundur Sverrisson	23	1	17
Dr. Friedman, M. læknir: Dagfar A-manngerðar og kransæðastífla. Pýðing S.J.	19	2	15
Fræðslufundir Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur. Stefán Júliusson	17	2	19
Fræðslufundur fyrir almenning (10. 3. 1984) Frétt	21	1	1
Fræðslufundur fyrir almenning (29. 10. 1988) Frétt	25	2	8
Fræðslufundur í Keflavík. Frétt	8	2	11
Fræðslu- og kynningarfundur á Akureyri. Stefán Júliusson	23	1	1
Fræðslufundur hjartaverndarfélaga í Danmörku Stefán Júliusson	22	2	13
Fræðslufundur um hjartasjúkdóma og hjartaverndar-mál (28. 10. 1982). Frétt	19	2	1
Fæðutegundir - næringargildi, kólesteról, fita. Skrá yfir fæðutegundir. Pýtt S.J.	17	1	15
Geðheilsa sjúklinga eftir hjartaáfall. Pýðing: Björn Bjarmar	16	1	13
Gestur Porgeirsson læknir: Um horfur eftir kransæðastíflu	21	2	3
Gjafir til Hjartaverndar	16	1	25
Gott fyrir hjartað. R. Mastroni. Pýðing S.J.	16	1	5
Góður liðsauki í ritstjórn. Frétt	21	2	5
Góður studningsmaður genginn. Minningarorð um Guðröð Jónsson. Stefán Júliusson	16	2	27
Guðmundur Jónmundsson læknir: Mataræði ungbarna	16	1	7
Dr. Guðmundur Porgeirsson yfirlæknir: Áhættuþættir kransæðasjúkdóma meðal Íslendinga	25	2	15
- Um orsakir og meingerð æðakölkunar	20	1	4
- Vikkun. Ný aðferð í meðferð kransæða-sjúkdóma	19	2	2
Guðrún Guðlaugsdóttir: Vághestur tuttugustu aldar. Viðtal við Nikulás Sigfússon	23	2	17
Dr. Gunnar Pór Jónsson yfirlæknir: Skurðlæknigar við arthrosu	18	2	3

	Árg.	Tbl.	Bls.
Dr. Gunnar Sigurðsson yfirlæknir: Algengi skerts sykurpols meðal fullorðinna á Reykjavíkursvæði. (Hóprannsókn Hjartaverndar)	16	2	12
- Nýjungar í meðferð hækkaðrar blóðfitu	25	2	14
Gyllinæð og mataraði. Fréttagrein	23	1	19
Hafa ber gát á kölesteróli. Þýtt S.J.	16	2	19
Hamlar fiskneysla blóðtappamyndun? Þýtt S.J.	22	1	9
Dr. Hammerschmidt, Dale: Vígreibar blóðflögar - hjartaáföll og heilablóðfall. Þýtt S.J.	21	1	13
Hár blóðþrýstingur. Snorri Páll Snorrason	19	1	3
Háþrýstingur af pekktri orsök. Jóhann Ragnarsson	22	2	3
Hegðun A-mangerðar. Fréttagrein	23	1	21
Heilsufarsrannsóknir starfshópa. Stefán Júlíusson	17	2	1
Heilsuræktaðarskólinn Stíflan. Steen M. Andersen. Pýðing S.J.	22	2	14
Heimlich-aðferðin. Meðferð þegar stendur í folki. Þýtt S.J.	17	2	16
Helga Hreinsdóttir næringarfræðingur: Vannæring á spítolum? Könnun á mataraði sjúklinga á Landspítala	19	1	13
Helgi Þorláksson fyrrv. skólastjóri: Leikmannspankar	22	1	11
Hjartabilunarlyf. Árni Kristinsson	19	1	8
Hjartaendurhæfing. Valgerður Gunnarsdóttir	23	2	2
Hjartaflutningar í sjúkrahúsi Stanfordháskóla Pýtt S.J.	16	1	21
Hjartakveisa. Kattus, A.A. læknir. Þýtt S.J.	18	1	6
Hjartakveisa ísl. karla 34-61 árs. Nikulás Sigfusson	18	2	13
Hjarta- og æðasjúkdómar. Sérprent. Frétt	20	2	23
Hjarta- og æðasjúkdómar. Sérprent II. Frétt	23	2	19
Hjartaskrá. Inga I. Guðmundsdóttir	19	2	19
Hjartsásonritun. Kristján Eyjólfsson	17	2	3
Hjartavernd fær arf og höfðinglegar gjafir. Frétt	25	2	7
Hjartavernd fær engan arf eftir Sigurliða Kristjánsson. Frétt	23	2	23
Hjartavernd fær góða gjöf. Frétt	18	1	9
Hjartavernd fær höfðinglega gjöf. Frétt	20	1	6
Hjartavernd gefur út færðslubækling. Frétt	25	1	15
Hjartavernd og erfðaskrá hjónannana Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssona. Stefán Júlíusson	22	1	14
Hjartavernd - stefna og starf. Stefán Júlíusson	16	1	1
Hjörtur Sigurðsson læknir: Svæfingar við kransæðaðgerðir	23	1	3
Hlutverk Hjartaverndar. Nokkrir leikmannspankar. Stefán Júlíusson	25	2	19
Holdafar og heilsufar. Laufey Steinþimsdóttir	17	1	3
Hormón og sjúkdómar í öndunarfarum. Örn Eliasson	22	1	2
Hóprannsókn Hjartaverndar hafin á Austurlandi Frétt	16	2	25
Dr. Hrafn V. Friðriksson: „Heilbrigði allra árið 2000“. Alþjóðleg heilbrigðisstefna	24	1	8
Hvenær á að ráðleggja skurðaðgerð og framhjáleidlu við kransæðastiflu? Þýtt S.J.	24	1	12
Hvers má vænta af Hjartavernd? Málpíng á aðalfundi 1980. Kjarni úr erindum. Páttakendur: Bjarni Pjóðleifsson, Gunnar Sigurðsson, Jón Óttar Ragnarsson, Magnús Karl Pétursson, Nikulás Sigfusson og Pórður Harðarson	17	1	11
Iðkun íþróttu meðal karla með tiliti til kransæða-sjúkdóms. Ólafur Ólafsson	22	2	6
Inga I. Guðmundsdóttir B.Sc.: Hjartaskrá	19	2	9
Ingólfur S. Sveinsson læknir: Vöðvagigt. Sjúkdómur eða sjálfskaparvíti?	16	1	18
Í hjartaskurðaðgerð á Landspítala sumarið 1986. Viðtal við Porgils Georgsson. Stefán Júlíusson	23	2	7
Í sátt við sitt hjarta. Endursögð grein eftir Anders Tybjærg-Hansen dr. med. S.J.	17	2	1

	Árg.	Tbl.	Bls.
Jóhann Ragnarsson læknir: Háþrýstingur af pekktri orsök	22	2	3
Jón Gíslason næringarfærðingur: Mataræði og neysluvenjur	25	2	2
Dr. Jón Óttar Ragnarsson matvælafræðingur: Fita og heilsufar	17	2	7
Jón Þorsteinsson yfirlæknir: Um arthrosur	18	1	3
Dr. Kattus, A.A. læknir: Hjartakveisa. Einkenni, rannsóknir, aðgerðir. Þýtt S.J.	18	1	6
Kiwanisklúbburinn Nes færði Rannsóknarstöð Hjartaverndar hjartalínuritsteki að gjöf. Frétt	20	1	7
Krabbaheimi í þvagblöðru. Fréttagrein	24	1	14
Kransæðasjúkdómar. Horfur og meðferð. Uggí Agnarsson	25	2	16
Kristján Eyjólfsson læknir: Hjartsásonritun	17	2	3
Könnun á munnheilsu fullorðinna í hópskoðun Hjartaverndar. Einar Ragnarsson, Sigfús Pór Elíasson, Sigurjón H. Ólafsson	24	1	4
Dr. Laufey Steinþimsdóttir næringarfræðingur: Holdafar og heilsufar	17	1	3
Lágur blöðsyku. Baldwin, M. læknir, Jóhanna G. Frímanns hjúkrunarfræðingur þyddi	18	2	19
Leiðbeiningar um B-vítamín. Þýtt. S.J.	20	1	15
Leiðréttar villur	23	2	19
